

Þriðjudaginn 20. maí 1986.

Nr. 260/1985.

Magnea Guðlaugsdóttir
dánarbú Halldórs Guðlaugssonar
Lilja Þorbjarnardóttir
Ísak Þorbjarnarson
Helgi Vilhjálmsson
Smári Vilhjálmsson
Stefán Vilhjálmsson
Ásta Vilhjálmsdóttir
Sævar Björnsson
Eggert P. Björnsson
Skúli Magnússon
Guðlaugur Nielsen
Jón Snæbjörnsson
dánarbú Magnúsar Snæbjörnssonar
dánarbú Bergþóru Magnúsdóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Báru Kristínu Guðmundsdóttur og

(Agnar Gústafsson hrl.)

skiptaráðandanum í Rangárvallasýslu
f.h. dánarbúa Kristjáns Magnússonar
og Þorkels Óskars Magnússonar

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skiptamál. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Kjartan Þorkelsson fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1984 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s.á. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast þess að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og eru kröfur þeirra þessar: „*Aðal-*

lega að skrifaðar verði upp sem eignir dánarbús Kristjáns Magnússonar, Efri-Hömrum, Ásahreppi, er lést 15. september 1966, 63,35% alls lausafjár sem var í vörslum Þorkels Óskars Magnússonar, bróður Kristjáns, er hann fór á sjúkrahús í hinsta sinn í maí-byrjun 1982 og jafnframt 63,35% íbúðarhúss þess, er reist var á jörðinni Efri-Hömrum, Ásahreppi á árunum 1968-1969, og *til vara* að rannsókn fari fram af hálfu skiptaréttarins á því sérstaklega hvað hafi orðið um eignir Kristjáns Magnússonar eftir lát hans á árinu 1966. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Af hálfu stefndu, Báru Kristínar Guðmundsdóttur, er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi, skiptaráðandinn í Rangárvallasýslu, hefur ekki haft uppi í málinu aðrar kröfur en að synjað verði málskostnaðarkröfu áfrýjenda.

Staðfest ljósrit af skattframtali Þorkels Óskars Magnússonar 1967 hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að hann hafi á árinu 1966 keypt 44 ær af dánarbúi Kristjáns Magnússonar. Ekki er getið neinna skulda hans við dánarbúið við árslok 1966.

Meðferð máls þessa er áfátt.

Um aðild málsins er þess að geta, að upplýst var við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti að áfrýjandinn Halldór Guðlaugsson hafi andast 1983 og áfrýjandinn Magnús Snæbjörnsson 1985. Ekki er nánar upplýst hvort sakaraðild þeirra hafi fallið niður eða hverjir hafi við henni tekið. Eigi er heldur ljóst hvernig fyrirsvári dánarbús Bergþóru Magnúsdóttur er háttað og um aðild af þess hálfu.

Í þinghaldi í skiptaréttinum 18. nóvember 1983 í dánarbúi Kristjáns Magnússonar var bókað, að ágreiningur væri um hverjar væru eignir dánarbúsins og hafi verið ákveðið að fjalla um hann í sérstöku skiptaréttarmáli. Í þinghaldinu lagði umboðsmaður áfrýjenda fram greinargerð í máli þessu. Af hálfu varnaraðila, Báru Kristínar, var lögð fram greinargerð í skiptaréttinum 9. desember s.á. Engin ákvörðun var þá tekin um skriflegan eða munnlegan málflutning. Af gögnum í málinu, svo sem uppskriftargerðinni frá 31. október 1966 og skattframtali 1966, má sjá að nokkrar eignir hafa verið í búi Kristjáns heitins, þegar hann andaðist. Af greinargerðum

málsaðila var ljóst að ágreiningur þeirra er einkum um það hvað orðið hafi af sumum eignanna. Í skiptaréttinum 13. júní 1984 hófst ný uppskrift á eignum dánarbúsins. Henni lauk eigi vegna áður-greinds ágreinings aðilanna, sem létu þar bóka kröfur sínar og komu þeim í það horf, sem frá er greint í hinum áfrýjaða úrskurði. Að svo vöxnu máli var ákveðið að skiptaráðandi tæki ágreinings-efnin til úrskurðar án frekari gagnaöflunar og munnlegs málaflutnings.

Dánarbúið er í opinberum skiptum og fer búsmeðferðin eftir 4. kap. skiptalaga nr. 3/1878. Innköllun til skuldheimtumanna var ekki gefin út samkvæmt heimild í 51. gr. sömu laga. Aðilum málsins og skiptaráðanda bar að afla gagna og upplýsinga eftir föngum, svo leiða megí þrætuna til lykta í þessu sérstaka skiptaréttarmáli. Ákvörðun um uppskrift á eignum í dánarbúi Þorkels Óskars felur ekki í sér endanlegan úrskurð um að því dánarbúi sé skylt að fá þær eignir dánarbúi Kristjáns Magnússonar. Nauðsynlegt er að upplýsa hvort einhverjar sérgreindar eignir úr dánarbúi Kristjáns Magnússonar séu meðal lausafjár í dánarbúi Þorkels Óskars Magnússonar. Þá er einnig nauðsynlegt að áfrýjandinn Skúli Magnússon gefi skýrslu fyrir skiptaréttinum um afskipti þau, er fram er haldið, að hann hafi haft af eignum dánarbúsins. Þá var og heimildarlaust að fella niður munnlegan málflutning í málinu úr því að ekki hafði áður verið tekin ákvörðun um skriflegan flutning.

Af framangreindu er ljóst, að um málsmeðferð er mjög vikið frá ákvæðum IX. og XIV. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, svo sem grein 109, 111, 114 og 115. Vegna þessa verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 13. júní 1984 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá og með þinghaldi 13. júní 1984 eiga að vera ómerk og vísast málinu heim

í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar
og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við teljum ekki að það eigi að varða ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar að ekki fór fram munnlegur málflutningur fyrir skiptaréttinum um kröfur málsaðilja, þær sem í úrskurðinum greinir, en þær kröfur höfðu aðiljar reifað í skriflegum greinargerðum. Við teljum eigi heldur að aðrir annmarkar á úrskurðinum eða meðferð skiptaráðanda á ágreiningi aðilja séu slíkir, að ómerkja þurfi úrskurðinn sjálfkrafa. Athugast í því sambandi að ætla verður að ekki sé lokið uppskrift á eignum í dánarbúi Kristjáns Magnússonar, þeim er hann lét eftir sig við andlát sitt 15. september 1966.

Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu eru ekki efni til að við fjöllum efnislega um hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 11. júlí 1984.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. júní sl. Sóknaraðilar máls þessa gera eftirfarandi dómkröfur:

1) Að skrifaðar verði upp sem eignir dánarbús Kristjáns Magnússonar, Efri-Hömrur, Ásahreppi, sem lést 15. september 1966, 63,35% alls lausafjár sem var í vörslum Þorkels Óskars Magnússonar, bróður Kristjáns, er hann fór á sjúkrahús hinsta sinn í maíbyrjun 1982 og jafnframt 63,35% íbúðarhúss þess er reist var á jörðinni Efri-Hömrur, Ásahreppi á árunum 1968-1969.

2) Að skiptarétturinn láti rannsaka sérstaklega hvað hafi orðið um eignir Kristjáns Magnússonar eftir lát hans á árinu 1966, hvort hann hafi eða dánarbú hans eignast innstæðu hjá Sláturfélagi Suðurlands, Mjólkurbúi Flóamanna, kaupfélögum eða bankastofnunum í héraðinu og hver hafi orðið afdrif þeirra inneigna ef til voru. Einnig að rannsakað verði sérstaklega bankainnstæður Þorkels Óskars Magnússonar frá því í apríl 1982 til upphafsskipta og hverjir hafi tekið út af bankareikningi hans.

Varnaraðili málsins gerir þær dómkröfur að synjað verði þeirri kröfu

sóknaraðila að fyrrnefndar eignir undir tl. 1. verði taldar eign dánarbús Kristjáns Magnússonar. Varnaraðili kveðst ekkert hafa á móti því að rannsakað verði hvað varð um lausafé dánarbús Kristjáns Magnússonar en ástæðulaust sé að blanda dánarbúi Þorkels Óskars Magnússonar inn í þá rannsókn nema tilefni gefist til.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila, Magneu Guðlaugsdóttur, Halldórs Guðlaugssonar, Lilju Þorbjarnardóttur, Ísaks Þorbjarnarsonar, Helga Vilhjálmssonar, Stefáns Vilhjálmssonar, Smára Vilhjálmssonar, Ástu Vilhjálmisdóttur, Sævars Björnssonar, Eggerts Björnssonar, Skúla Magnússonar, Guðlaugs Nielsen, Jóns Snæbjörnssonar, Magnúsar Snæbjörnssonar og dánarbús Bergþóru Magnúsdóttur í máli þessu.

Kröfu um rannsókn á dánarbúi Þorkels Óskars Magnússonar er vísað frá.

Málskostnaður fellur niður.
